

Þriðjudaginn 27. nóvember 1990.

Nr. 385/1989. **Samir Daglas**

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Guðmundi Kristinssyni

(Gísli Baldur Garðarsson hrl.).

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Stefna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 5. október 1989. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, til vara, að málinu verði vísað heim í hérað, og til þrautavara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Stefndi lét sækja þing í Hæstarétti, en hélt ekki uppi vörnum.

Í héraðsstefnu er áfrýjanda stefnt „til þess að mæta á bæjarþingi Seltjarnarness, sem háð verður fimmtudaginn 27. júní 1989 kl. 14.00 síðd., er mál þetta verður þingfest ...“

Áfrýjandi sótti ekki dómþing í héraði.

Árið 1989 bar 27. júní upp á þriðjudag. Í stefnunni er ekki getið, hvar dómþing skuli háð til þingfestingar málsins. Stefnan brýtur þannig í bága við g-lið l. mgr. 88. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 10. gr. laga nr. 54/1988. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Dæma ber stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað án vaxta, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Guðmundur Kristinsson, greiði áfrýjanda, Samir Daglas, málskostnað fyrir Hæstarétti, 40.000 krónur.

Dómur bæjarþings Seltjarnarness 18. júlí 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. júní 1989, hefur Guðmundur Kristinsson, nnr. 3088-0919, kt. 170836-3599, Látraströnd 7, Seltjarnarnesi, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 21. júní 1989, á hendur Samir Daglas, nnr. 7472-8510, kt. 280564-8269, Lyngmóum 11, Garðabæ, til greiðslu skuldar vegna vangreiddrar húsaleigu ásamt vöxtum og kostnaði.

— — —

Stefndi hefur hvorki sótt þing né látið sækja, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá skv. 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma mál þetta skv. framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 21.421, er ber drv. skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 3. ágúst 1989 til greiðsludags, og söluskattur kr. 2.264.

Rúnar S. Gíslason, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Samir Daglas, Lyngmóum 11, Garðabæ, greiði stefnanda, Guðmundi Kristinssyni, Látraströnd 7, Seltjarnarnesi, kr. 123.000 með 24% ársv. af kr. 41.000 frá 1.12. 1988 til 1.1. 1989, með 21,6% ársv. af kr. 82.000 f.þ.d. til 1.2. 1989, en þá af kr. 123.000 til 1.3. 1989, með 24% ársv. f.þ.d. til 1.4. 1989, með 33,6% ársv. f.þ.d. til 1.5. 1989, með 38,4% ársv. f.þ.d. til 1.6. 1989, með 42% ársv. f.þ.d. til 1.7. 1989, en með drv. skv. III. kafla laga nr. 25/1987 f.þ.d. til greiðsludags og kr. 21.421 í málskostnað, er beri drv. skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 3. ágúst 1989 til greiðsludags, og kr. 2.264 í sölu-skatt, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.